

# Dregur að úrslitum

## I.

Mjög vænt þótti mjer um að sjá í „Fálkanum“ síðasta (1/3) grein sem heitir „Jeg er hrædd ur“, og er eftir dr. Harold C. Urey. Grein bessi virðist miða svo vel til að greiða fyrir skilningi á því, að nú eru úrslitátímamót í sögu mannkyns vors. — „Mannkyns vors“ segi jeg af því að til eru triljónir og meira en það, annara mannkynja. —

Dr. Urey er maður sem talar af þekkingu, og þannig settur, að ekki er hægt að lítilsvirða orð hans. Hann er kjarnorkufræðingur og hefir sjálfur tekið þátt í þeim rannsóknum sem leiddu til þess að kjarnorkusprengjan varð til. Hversu fróðlegt það er og skiljanlegt, sem dr. Urey segir um hugarástand eðlisfræðinganna, þegar þeir fóru að sjá framá eyðileggingarmöguleika kjarnorkunnar, og þá einnig hvernig fara mundi fyrir Bandamönnum, ef Þjóðverjar eða Japanar gætu oðgið fyrri til að færa sjer þessa möguleika í nyt. Það hefir verið giskað á, að kjarnorkusprengjan sem látin var falla niður á Hiroshima hafi drepið um 100.000 manns, og segir dr. Urey að sú sprengja hafi verið álíka kraftmikil og 20.000 tonn (húfar) af dynamíti, en hefir það eftir breskum kjarnorkufræðingi, dr. Oliphant, að kjarnorkusprengjur nálægrar framtíðar, muni geta jafnast á við 1—2 miljónir tonna (húfa) af dynamíti.

Þarf það ekki að efa, að ein slík sprengja mundi geta ger eyðilagt jafnvel hinar stærstu borgir jarðarinnar, eins og New York eða London, og orðið miljónum manna að bana.

Það er vel skiljanlegt, að maður sem hefir glögga hugmynd um þessa möguleika, sje áhyggjufullur, og segi einsog dr. Urey: „Það má aldrei framar verða stríð“. Og það er vel að orði komist, þegar hann segir: „nú erum við öll stödd í einu húsi. Í kjallaranum er tímasprengja sem tifar ískyggi-lega ótt, meðan jeg skrifa þetta — meðan þú lest það. — Hin geigvær-lega sprenging kjarnorðustríðs mundi sundra húsinu sem við búum í — menningunni.“

## II.

Mjer kemur hjer i hug, að fyrir meir en 30 árum, var íslenskur fræðimaður farinn að skilja, að svo alvarleg tíma-mót væru fyrir höndum hjer á jörðu, að ef svo illa tækist til, að menn áttuðu sig ekki, mundu verða verri tiðindi, en nokkur áður í sögu mannkyns-ins. Og ekki alllöngu síðar, var þessum same manni farið að virðast svo sem mannkynið

mundi líða gersamlega undir lok, ef ekki yrði stefnubreyting meiri en nokkur hefir verið í sögu mannkynsins áður.

— Jeg nefni þetta af því að jeg hygg að það kunni að greiða fyrir nauðsynlegum skilningi á því, að ekki muni vera allskostar hyggilegt, að meta einskis orð þess manns, sem fyrir svo löngu hafði átt að sig betur um mannkynssogunnar, en gert hafði verið áður. En einsog allir vita sem nokkuð lesa, þá eru þeir nú orðinir margir, vísindamenn, stjórnmálamenn og enn aðrir, sem telja vist niðurfall menningsarinnar, og að ekki verði rjett við aftur, ef ekki getur hafist öld hins órjúfandi friðar, bannig að aldrei framar muni menn vilja jafna málin með manndrápum og eyðileggингum. En þar sem menn ímynda sjer, Þó óttinn við hin ægilegu nýu vopn, muni geta nægt til þess að hin svo nauðsynlega og þráða friðaröld hefj ist, þá skjálast þeim mikið, og stafar það af ónógum skilningi á hinum tveim stefnum framvindunnar. Saga mannkyns vors er helstefnusaga, og slíkri sögu lýkur ekki öðruvísi en með glötun. Eina ráðið til að bjarga, er að framvindunni sje breytt í áttina til lifstefnunnar. En hvað mikil hræðsla sem er, þá getur hún ein ekki orðið upphaf þeirrar stefnubreytingar sem þarf að verða. Upphafið er að átta sig betur en áður, á eðli og tilgangi lifsins, og þarmeð á því, hvert er að líta eftir þeirri hjálp, sem ekki veður án verið, ef það að takast að bjarga framtíð mannkynsins.

### III.

Lífið hjør á jörðu er landnám frá fullkomnari lífstöðvum, sem, einsog spekingurinn Pythagoras, einn hinn vitrasti maður sem lífað hefir á þessari jörð, hafði skilið fyrir þúsundum ára — eru ekki í neinum andaheimi, heldur á öðrum jarðstjörnum hins svo óskiljanlega mikla og stórfenglega stjörnuheims. Að samband náist við þessar fullkomnari lífstöðvar, þýðir það, að mannkyn jarðar vorrar getur farið að hverfa af helvegi og til lífs sem sigrar allan ófullkomleika og getur farið að taka þátt á þessari svo furðulegu smið sem er sköpun heimsins. En þá er fyrst, að koma fram hinum nauðsynlegustu umbótum á þessum hnætti, sem er heimkynni vort, og á að hætta og getur hætt að vera heimkynni hörmunganna.

6. mars.

Helgi Pjeturs

26. mars 1946.